



UST

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

☐ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. janúar 2007

Tilvísun: UST20061200007/ðaj

### **Borun eftir jarðhita við Álftavatn, Rangárþingi ytra. Tilkynning um matsskyldu**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 30. nóvember 2006 þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum framangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt þeim gögnum sem bárust með tilkynningunni kemur fram að Ferðafélag Íslands hefur sótt um leyfi til að bora eftir heitu vatni í nágrenni skála ferðafélagsins við Álftavatn að Fjallabaki. Ráðgert er að bora holu við Brattháls (hola „B“) sem staðsett er í um 700 metra fjarlægð norðaustur af skála Ferðafélags Íslands en til vara er sótt um að bora á öðrum stað (hola „A“) ef fyrri borholan reynist ekki nothæf. Sú hola er í um 400 metra fjarlægð frá framangreindum skála.

Fram kemur í tilkynningunni að lagðar verða lagnir frá borholu „B“ um 800 metra leið, meðfram lækjarfarvegi og verða lagnir grafnar í jörð með lítilli gröfu. Frágangur verður með þeim hætti að framkvæmdir verða ekki sýnilegar að verki loknu. Frá borstað „A“ að framangreindum skála er lagnaleið um 400 metrar. Lagnir verða grafnar í jörð með lítilli gröfu og frágangur verður með þeim hætti að framkvæmdir verða ekki sýnilegar að verki loknu. „Mosa yrði flett af/skorin með handafli og lagður á aftur ef að lagnir hefðu verið grafnar í jörðu“. Fyrirhugað er að skila heita vatninu til baka í grunnvatnið í gegnum þar til gerðan grunn sem yrði staðsettur nokkru neðar við skála Ferðafélags Íslands við Álftavatn.

Að mati Umhverfisstofnunar eru þau gögn sem bárust með framangreindri tilkynningu ófullnægjandi og getur stofnunin ekki veitt umsögn um matsskyldu framkvæmdarinnar fyrir en henni hafa borist eftirfarandi upplýsingar:

#### **Framkvæmdalýsing:**

- Upplýsingar um hvort eða hvaða vegagerð fylgi framkvæmdinni og ef um vegagerð er að ræða hvort um varanlega vegi er að ræða eða vegi sem fjarlægðir verða að framkvæmd lokinni. Einnig þyrfti að koma fram hugsanleg efnispörf vegna vegagerðar.
- Upplýsingar um hvort þörf er á að útbúa borplan og ef svo er umfang þess og efnispörf.
- Hvort eða hvar fyrirhugað er að útvega efni í slóða, borplan, skurð eða annað er við kemur framkvæmdinni.

- Magn hugsanlegs jarðhitavökva sem ætlað er að nýta og hvernig áætlað er að farga því að notkun lokinni. Í gögnum sem fylgdu með framkvæmdinni kom fram að vatni yrði skilað til baka í gegnum „þar til gerðan grunn sem yrði staðsettur nokkru neðan við skála Ferðafélagsins“. Umhverfisstofnun telur þá lýsingu ófullnægjandi. Að mati stofnunarinnar þyrft að lýsa betur, útliti og stærð grunnsins og virkni hans.
- Meta þarf hugsanleg áhrif losunar jarðhitavökva í grunnvatn svæðisins.
- Lýsingu á heitavatnslögn og skurði, þ.e. sverleika og gerð lagnar, stærð skurðar og hvort þörf er á efni við frágang á skurði.
- Hvort þörf er á að haugsetja efni, hvort sem er vegna vegagerðar, skurðgraftar eða borunar (borleðja eða borsvarf) og ef svo er hvar fyrirhugað er að haugsetja efnið.
- Lýsing á þeim borholutoppi eða öðrum búnaði sem eftir verður og fylgir jarðhitanytingunni.

#### Framkvæmdatími:

- Hvenær fyrirhugað er að hefja framkvæmdir.
- Hvenær fyrirhugað er að þeim ljúki og einnig hvenær frágangi á svæðinu kemur til með að ljúka.

#### Eftirlit:


- Fyrirhugað svæði er á náttúruminjaskrá, í nálægð við friðlýst svæði og á vinsælu útivistarsvæði. Umhverfisstofnun telur að tryggja þurfi með einhverjum hætti virkt eftirlit með framkvæmdunum meðan á þeim stendur sem og frágangi eftir að framkvæmdum lýkur. Fyrirkomulag eftirlits á svæðinu ætti að koma fram í tilkynningunni sem og ef samráð hefur verið haft við einstaka aðila vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf að leita umsagnar stofnunarinnar áður en veitt er framkvæmdaleyfi á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst,



Helgi Jensson  
forstöðumaður



Ólafur A. Jónsson  
sérfræðingur